



PASTELLITIR koma vel undan vetri og kveða burt snjóinn. Skór, skartgripir, töscur og aðrir fylgihlutir í björtum, mjúkum pastellitum verða vorboðarnir í ár.



teg. 77660 - BH létt fylltur í BC skálum úr mjúku microfiber á kr. 3.850,-
boxer buxur í stíl í S,M,L,XL á kr. 1.950,-"

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Vandaðir dömuskór úr leðri og skinnfóðraðir
Stærðir 36 - 42
Verð: 7.670,- og 7.970,-



Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Hafmeyjar í aðalhlutverki

Hollywood-stjörnurnar tjölduðu öllu til á Óskarsverðlaunahátíðinni á sunnudag. Enn veltir fólk vöngum yfir klæðavali þeirra og má gera því skóna að þær hafi komið sér saman um einkennisklæðnað.

Stjörnurnar í Hollywood létu efna-hagsþrengingar lönd og leið á Óskarsverðlaunahátíðinni síðastliðinn sunnudag og skórtuðu sínu fegursta að vanda. „Þegar ég lít yfir sviðið get ég ekki séð að nokkuð hafi breyst“, sagði tiskuhönnuðurinn Valentino á rauða dreglinum.

Svo virðist sem stjörnurnar hafi komið sér saman um einkennisklæðnað því nær undantekningalaust skórtuðu þær síðkjólum með hafmeyjusniði og löngum slóða. Þeir voru flestir hvítir og minntu um margt á brúðarkjóra. Einstaka stjörnur völdu aðra liti en jafnvel þeirra kjólar voru með slóða.

vera@frettabladid.is



Melissa George í gervi litlu hafmeyjunnar.

Penelope Cruz gæti allt eins verið á leið upp að altarinu.

Vanessa Huggens klikkaði ekki á einkennisklæðnaðinum.



Sigurvegari kvöldsins Kate Winslet í grábláum Yves Saint Laurent-kjól með slóða.

LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR.

GÓÐ TILBOÐ

MaxMara

MARINA RINALDI
STÆRDIR 42-54

HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

Tuttugasta öldin var öld tískunnar og urðu róttækar breytingar á klæðaburði. Konur lögðu lífstykkjum og fóru að ganga í buxum.

www.nams.is/fatahonnun/

ALLRA SÍÐASTA ÚTSÖLUUHELGI ALLT Á AÐ SELJAST



Nýjustu sólgleraugun frá París á aðeins 99 krónur - aðeins ein gleraugu á mann.

Allar skyrtur með **60% afslætti**

Gallabuxur frá **3.900 kr.**

Allar úlpur á **4.900 kr.**

Stakir jakkar á **3.900 kr.**

Ípróttapeysur á aðeins **1.000 kr.**

Herra hafnarfjörður

Firði, Hafnarfirði Sími 565 0073 Opið til kl. 18.00 laugardag

Allt að **60% afsláttur** af jakkafötum

AÐEINS TVENN JAKKAFÖT Á MANN

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 27. febrúar 2009

Erfiðleikarnir *gerðu mig sterkari*

Friðrika Geirsdóttir er mætt aftur á skjáinn með nýjan matreiðslupátt

* MENN OG NÁTTÚRA Í MYNDUM

Myndlistarsýning Agnieszku Baranowska og Elísabetar Brynhildardóttur :

* UNGFRÚ REYKJAVÍK VALIN Í KVÖLD

23 stúlkur keppa í Ungfrú Reykjavík sem fram fer á Broadway í kvöld

* ÓFRÍSK Í SÓLINNI Á KÝPUR

Freyja Sigurðardóttir er flutt til Limassol og á von á sínu þriðja barni



Neyðarlausn fyrir líflausa húð

Bíðið ekki með að bæta húðina. Renewal System™ er öflugt kerfi frá Sothys. Bætir húðina með endurnýjandi virkni á næturnar og verndar hana á daginn á áhrifaríkan hátt. Prófið og sannfærist.

SOTHYS, gæðamerki fagfólksins í húðumönnun er notað af 15.000 snyrtistofum um allan heim.

PARIS
SOTHYS

núna

* með á nótunum

ÁGÚST BENT SIGBERTSSON TÓNLISTARMAÐUR

Í kvöld fer ég í grillveislu og svo í partí með Ístanbúl-þema ásamt hópnum sem ég fór með þangað í haust. Reykt úr vatnspípum og legið á púðum. Á laugar-dagskvöld er ég að spila á Prikinu ásamt félögum mínum í Rottweilerhundum. Sunnudagurinn verður rólegur enda verð ég eflaust bugaður af þynngu.



Ekkert helv... væl

Markaðsmenn Íslands ætla að fjöl-menna á íslenska markaðsdaginn á morgun sem haldinn er undir yf-irskriftinni Ekkert helv... væl. Að sögn Elísabetar Sveinsdóttur, for-manns stjórnar Ímark, gengur ráð-stefna sem haldin er í tilefni dags-ins út á pepp og að stappa í menn stálinu, enda dugi ekkert annað á þessum síðustu og verstu tímum. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni eru Árelía Eydis Guðmundsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, sem er þekkt fyrir skrif um von og hamingju meðal annars. Um kvöldið verður svo blás-ið til fagnaðar auglýsingafólks en þá verða veitt verðlaun fyrir bestu auglýsingar ársins 2008.

Verður áfram á skjánum

Pétur Jóhann Sigfússon hefur notið sívaxandi vinsælda frá því að hann birtist landsmönnum í hlut-verki Ólafs Ragnars í Nætur- og Dagvaktinni. Eftir að þáttaröðun-um lauk óttuðust margir að Pétur Jóhann myndi ekki sjást á skjánum í bráð, en sjónvarpsáhorfend-ur þurfa ekki að örvænta því leik-arinn hefur samþykkt að vera and-lit Vodafone í eitt ár í viðbót og mun því halda áfram að skemmta landsmönnum í auglýsingum fyrir-tækisins.



Auk þess leikur Pétur Jóhann ein-leik í sýningunni Sannleikurinn um lífið í Borgarleik-húsinu um þess-ar mundir þar sem hann fer á kostum í spreng-hlægilegu hlutverki.

Freyja Sigurðardóttir fitnesskona á von á þriðja barninu

NÝTUR ÞESS AÐ VERA ÓFRÍSK Í SÓLINNI

Þetta var ekki planað en auð-vitað alveg velkomið,“ segir Freyja Sigurðardóttir fitnesskona, sem er ófrísk að sínu þriðja barni en yngri sonur hennar er aðeins 15 mánaða og sá eldri fimm ára. Freyja og eiginmaður hennar, Har-aldur Guðmundsson, hafa komið sér fyrir í Limasson á Kýpur en Haraldi bauðst þar góður knatt-spyrnusamningur. Freyja er komin 14 vikur á leið og er alsátt í sólinni. Fjöl-skyldan býr vel, húsið er á tveimur hæðum og með sundlaug svo Freyja á eftir að geta kælt sig

Þetta HELST

niður þegar bumb-an stækkar. „Við erum rosaalega ánægð hérna og það verður fínt að geta vakn-að og fengið sér sundsprett með bumbuna út í loftið,“ segir hún og bætir við: „Við ætluðum allt-af að eignast fleiri börn og tímasetningin er reyndar mjög góð þar sem ég er bara heima og



get notið þess að vera ófrísk um leið og ég hugsa um heimilið. Ég ætla að njóta þess í botn að vera ófrísk enda er þetta kannski síð-asta skiptið. Mér finnst þetta ynd-isleg tilfinning, að finna að það er lítið líf þarna inni.“ Aðspurð seg-ist hún ætla að fæða úti en að foreldrar hennar ætli að koma og vera hjá þeim þegar nýjasti fjöl-skyldumeðlimurinn kemur í heiminn. „Halli er alveg viss um að þett sé stelpa en ég veit það ekki. Það er voðalega gaman að eiga stráka og mér finnst ég orðin nokk-uð flink með strákana, er svona strákamamma,“ segir hún hlējandi en bætir við að það væri gaman að fá eina stelpu í hópinn. Þrátt fyrir barn-eignir er Freyja alls ekki búin að leggja fitnessið á hilluna og keppti á Norður-landamótinu í október þar sem hún lenti í öðru sæti. „Aron Freyr var bara tíu mánaða en ég hef aldrei verið í betra formi.“

indiana@frettabladid.is



Hamingjusöm
Freyja og Haraldur eiga von á sínu þriðja barni og hafa komið sér fyrir í Limassol á Kýpur þar sem Haraldi bauðst góður knatt-spyrnusamningur.

Ungfrú Reykjavík valin í kvöld

„Ég reyni að leyfa þeim að njóta sín eins og þær eru og í því sem þær eru góðar í,“ segir Ástrós Gunnarsdóttir dansari um stúlk-urnar sem keppa í Ungfrú Reykja-vík. Keppnin fer fram á Broad-way í kvöld, þar sem 23 stúlk-ur keppa um titilinn, en Ástrós hefur séð um að þjálfra stelpurnar að undanfögnu. „Æfingarnar hafa gengið mjög vel, en dagskrá-in hefur verið ströng hjá stelpun-um síðustu tvær vikurnar,“ bætir

hún við. Kynnir kvöldsins verður Unnur Birna Vilhjálmisdóttir sem var kjörin Ungfrú Ísland og Ung-frú heimur árið 2005. Húsið ver-ur opnað klukkan 19 á Broad-way, en þeir sem heima sitja geta horft á beina útsending á Skjá-einum klukkan 22. Aðspurð seg-ist Ástrós ekki hafa hugmynd um hver muni bera sigur úr býtum. „Ég er ekki að spá í hver vinn-ur, því þær eru allar sætar á sinn hátt.“

- ag



Flott Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir mun krýna arftaka sinn í kvöld, en hún var kjörin Ungfrú Reykjavík 2008.

augnablikið



FÖGUR Indverska leikkonan Freida Pinto hefur vakið mikla athygli fyrir góða frammistöðu í kvikmyndinni Slumdog Millionaire, en myndin sóp-aði til sín Óskarsverðlaunum á dög-unum. Freida tók sig vel út á hátíð-inni, þar sem hún mætti í þessum fagurbláa kjól.

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir blaðamaður:

Á von á öðru barni

„Ég er komin tæpa fjóra mánuði á leið,“ segir Gunnhildur Arna Gunnars-dóttir, fyrrverandi ritstjóri 24 stunda og núverandi blaðamaður á Morg-unblaðinu. Gunnhildur og eiginmaður hennar, Björn Friðrik Brynjólfsson, eiga von á öðru barni sínu í ágúst en dóttir þeirra, Margrét Arna, verður 14 mán-aða í mars. „Sjálf á ég systur sem er einu og hálfu ári yngri. Mér fannst tilvalið að haga barneignum eins og mamma, eiga tvö börn sem fylgi-ast að í uppeldinu,“ segir hún.

„Þetta var einfaldlega rétti tíminn fyrir okkur. Ég náði að púsla heimilislífinu og vinnu vel saman eftir að Margrét mín fæddist og sá því fljótt að barneignir þurfa ekki að standa í vegi fyrir að hægt sé að sinna krefjandi verkefnum.“ -iáh



Ánægð Gunnhildur á von á sínu öðru barni í ágúst.



Brún án sólar!

Vorum að fá frábært nýtt brúkuspray frá Su-do. Einstakt spray sem gefur fallegan og eðlilegan lit. Auðvelt til notkunnar fyrir alla. Handhægar umbúðir. Getur brúnkað þig sjálf hvar sem er.

Fæst í verslun Snýrtíakademiunnar, Snýrtistofunni Lipurtá Snýrtistofunni Gyðjunni, Snýrtistofunni Laugar- spa og Snýrtistofunni Cöru.



SNÝRTÍ-AKADEMÍAN



föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Valgarð Gíslason
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

ýmis tilboð
í gangi!
**tilboðs
horn!**

þar fást gallaðar vörur
á mikið lækkuðu
verði!

Matvara
50%

kaffi, te, kakó, olíur,
hunang ofl.

KERTI, voitives
verð frá **273,-**

SPRITTKERTI, með ilm
verð frá **483,-**

KERTASTJAKI
var 990,-
nú **297,-**

70%

KERTASTJAKI
var 590,-
nú **177,-**

VASI með drekaflugum
var 2.490,-
nú **1.245,-**

VASI, var 2.990,-
nú **1.495,-**

70%

30%

CHESTERFIELD STÓLL
áður 69.900,-
nú **48.930,-**

30%

CHESTERFIELD SÓFI
áður 149.900,-
nú **104.930,-**

the
PIER

komdu inn í hlýjuna ...

Lokað á Smáratorgi sunnud. 1. mars vegna talningar.

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

HORFI ALLTAF Á BJÖRTU HLIÐARNAR

Friðrika Hjördís Geirsdóttir fjölmiðlakona segir mataráhugann sér í blóð borinn en hún ætlar að kenna Íslendingum að elda í þættinum Ísland í dag. Friðrika þekkir erf-iðleika af eigin raun en eldri sonur hennar kom í heiminn eftir tæplega 26 vikna meðgöngu. Hún segir lífsreynsluna hafa kennt sér margt.

Viðtal: Indíana Ása Hreinsdóttir
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason

Mataráhugi er mér í blóð borinn og ég held ég hafi fæðst með svuntuna. Hins vegar var ég eitthvað seinni til að byrja að vaska upp,“ segir Friðrika Hjördís Geirsdóttir, fjölmiðlakona, móðir og háskólanemi. Friðrika er mætt aftur í sjónvarp og mun sjá um matarinnslag á miðvikudög-um í Íslandi í dag þar sem hún ætlar að kenna Íslendingum ein-faldar leiðir að ýmsum þekkt-um og óþekktum réttum. „Það eru alltaf allir að flýta sér og því ætla ég að vera með þægilegar og stuttar leiðir að góðum réttum. Ég ætla að elda allt mögulegt og réttirnir munu endurspegla það,“ segir hún brosandi.

SJÓNVARP DRAUMURINN

Friðrika lærði matreiðslu í Lond-on fyrir tíu árum og hefur síðan starfað við mat þó hún hafi ekki unnið á veitingahúsi. Hún segist ansi nálægt draumastarfinu sínu þessa dagana enda hafi draum-

urinn verið að stýra eigin mat-reiðsluþætti í sjónvarpi. Auk vinn-unnar er hún að læra næringar-fræði í Háskóla Íslands og hún segir þá þekkingu skila sér í sjón-varpið.

Þar fyrir utan sinni hún fjöl-skyldunni en hún og eiginmaður hennar, Stefán Hilmarsson, eiga tvo litla drengi. Sá eldri, Gunnar Helgi, er tveggja ára en sá yngri, Hinrik Hrafn, tíu mánaða. „Það er kostur að eiga börn með svona stuttu millibili. Þeir eiga eftir að verða eins og tvíburar, bilið stýtt-ist alltaf á milli þeirra,“ segir hún og bætir við að hún sé dug-leg að elda hollan og góðan mat handa sonunum. „Ég gef þeim t.d. ferskt grænmeti og ávexti, lifrar-pyslu og kjúkling sem ég gufusýð og mauka handa þeim yngri. Ég passa að þeir fái fjölbreytta fæðu og ég læt þá alltaf taka lýsi. Ég hef tröllatru á lýsi og það sleppur enginn út úr húsi án þess að taka lýsi á mínu heimili. Sér í lagi yfir vetrarmánuðina þegar við fáum enga sól.“

EKKERT SAMVISKUBIT

Friðrika segist elda alls konar mat en einhverra hluta vegna sé margt úr ítalskri átt. „Ég dett samt alveg í sætindi og sósur enda á fólk að leyfa sér það annað slagið. Að-alatriðið er að borða með góðu hugarfari og alls ekki vera með samviskubit því þá sest óhollust-an frekar á mjaðmirnar og mag-ann. Ef við njótum matarins fáum við líka svo miklu meira út úr líf-inu og það sama á við allt sem við tökum okkur fyrir hendur. Ef við tökum á móti hverju verkefni með góðu hugarfari komumst við lengra en með því að berjast á móti hlutunum,“ segir hún og bætir við að henni hafi alltaf tek-ist að horfa á björtu hliðarnar.

„Sumum finnst ég kannski óþol-andi jákvæð og það fer kannski í



Jákvæð Friðrika Geirsdótt-ir horfir alltaf á björtu hliðarnar og fer aldrei í fýlu.

taugarnar á einhverjum að ég sé aldrei í fýlu en ég er alveg með skap. Lífið hefur bara upp á svo margt skemmtilegt að bjóða,“ segir hún hress í bragði.

MATARBOÐIN Í KREPPUNNI

Aðspurð hvort matarinnkaup-in hennar hafi breyst í dýrtíðinni segir hún svo vera. „Ekki spurning. Í dag geymi ég alla strimla úr búð-unum og skoða þá vel og hneyksl-ast á hvað allt er orðið dýrt og auðvitað reyni ég að skera niður,“ segir hún en bætir við að fólk verði að gleðja sig einhvers stað-ar mitt í þessu dimma skammdegi og slæma efnahagsástandi og þá sé matur góð leið til þess.

„Matur er tilfinningatengdur og gefur okkur svo mikla gleði. Ég held við ættum að reyna að spara alls staðar annars staðar ef við getum. Það er líka hægt að vera með hnitmiðaðri innkaup, skrifa innkaupalista, kaupa fyrir fleiri máltíðir í einu, frysta mat og passa að hann skemmist ekki í ísskápnum,“ segir Friðrika sem telur að fólk haldi frekar matar-boð heldur en að fara út að borða núna, enda séu þau kjörin vett-vangur til að rækta vinina.

BÖRNIN MIKILVÆGUST

Þrátt fyrir að alvarlegt ástand ríki í samfélaginu lætur Friðrika það ekki draga sig niður. Hún þekk-ir erfðleika af eigin raun en þau

hjónin eignuðust eldri dreng-inn eftir aðeins tæplega 26 vikna meðgöngu og var tvísýnt um líf hans um tíma. Gunnar Helgi var aðeins 3,5 merkur og 33 cm þegar hann kom í heiminn og varð að eyða þremur fyrstu mánuðum ævi sinnar á vökudeild Landspít-alans.

Í dag er hann stór, sterkur og orkumikill og það má með sanni segja að hann sé kraftaverkabarn. Þar sem Friðrika hafði ekki feng-ið að sjá Gunnar Helga fyrsta sól-arhringinn fannst henni afar sér-stakt að geta farið heim með yngri drenginn strax daginn eftir að hann kom í heiminn. „Mér fannst hann líka svo stór og skildi ekki að börn gætu verið svona stór en hann var 15 merkur,“ segir hún hlējandi.

Hún segir reynsluna af því að hafa eignast fyrirbura hafa kennt sér margt og efast um að hún liti sömu augum á það sem er að ger-ast á landinu í dag ef hennar nyti ekki við. „Þessi lífsreynsla breytti sýn minni á allt lífið. Börn eru-það mikilvægasta sem við eigum og skipta mestu máli. Eftir að hafa verið svona nálægt dauðan-um gerir maður sér grein fyrir að ýmsir hlutir sem fólk er að hafa áhyggjur af eru í rauninni svo lit-ilvægir.“

Hún segir seinni meðgönguna hafa gengið vel en þá fór hún tvær vikur fram yfir. „Mér tókst að halda

í bjartsýnina og grínaðist með það á þrítugustu viku hvort hann færi ekki að láta sjá sig,“ segir hún og bætir við að bræðurnir séu góðir vinir. „Þetta gengur mjög vel eða svo lengi sem Hinrik lætur dótið hans Gunnars Helga í friði,“ segir hún hlējandi.

VÖKUDEILDIN FRÁBÆR

Friðrika segist eiga starfsfólki vökudeildar Landspítalans mikið að þakka. „Þetta er frábær deild og ein sú besta í heiminum á sínu sviði og þarna starfar afar vel valið fólk. Barnaspítalinn er mér hug-leikinn og þess vegna höfum við reynt að styðja við bakið á honum eins og við getum. Mamma vann t.d. milljón í happdrætti um dag-inn og ákvað að gefa Gunnari Helga peninginn svo hann gæti gefið vökudeildinni hann,“ segir hún og bætir við að vonandi birtist meiri nágrannakærleikur í samfélaginu samfara öllu því sem er að gerast. „Vonandi setur fólk fjölskylduna enn frekar í forgang og við lærum að meta lífið út frá öðrum gildum en áður. Í dag gildir mestu að fólk standi saman, fari ekki í sundur og peppi hvort annað upp. Það er mikilvægt að hugsa fallega og já-kvætt og hitta vini og halda utan um hvert annað. Líka að bjóða vinum í mat, hreyfa sig og byggja upp líkamann. Ef þetta er það sem kemur út úr kreppunni getur hún ekki verið alsæl.“

Sofðu betur

SagaPro er fyrir þá sem hafa óeðlilega tíð þvaglát.

Með **SagaPro** fækkar næturferðum á salernið og þar með færðu betri hvíld.



SAGAMEDICA
www.sagamedica.is



Fáanlegt í lyfja- og heilsuvörðslunum og völdum stórmörkuðum

LÍÐARNAR

bak við tjöldin
*

Stjörnumerki: Vatnsberi.

Besti tími dagsins: Hádegðið.

Geisladiskurinn í spilaranum: The Very Best of Astrud Gilberto.

Uppáhaldsverslunin:

Hagkaup, finnst ekki Íslendingum skemmtilegast að versla þar? Já, og Whole Food Store í New York, hin fullkomna matvöruverslun.



Uppáhaldsmaturinn: Sveiflast frá degi til dags hvað mér finnst gott. Yfirleitt nýt ég matarins það mikið að mér finnst ég alltaf vera að borða uppáhaldsmatin minn.



Líkamsræktin: Fer í World class 5-6 sinnum í viku.

Mesta dekrið: Líkamsræktin, svo finnst mér voða gott að láta nudda mig öðru hverju.

Mesta freistingin: Að „sofa“ yfir mig þegar ég þarf að mæta eitthvert.

Ég lít mest upp til: ... himins.

Áhrifavaldurinn? Martha Stewart og móðir Theresa.

Draumafríið? Mig langar mikið til að skoða hvern krók og kima í Asíu.



Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara? Rafmagni, ég er mjög hrifin af kertum, arineldi og góðri bók.



Lokadagur

ÚTSÖLUNNAR ER Á MORGUN

Fjöldi frábærra tilboða



Mikið úrval af borðstofusettum



Nabucco Borðstofusett



Streza sjónvarpssófar sem hægt er að halla og eru með skemlum



Mikið úrval af vönduðum hornsófum



Julia

Mikið úrval af vönduðum sófasettum 3+1+1



Mikið úrval af vönduðum sófum og sófasettum frá

Italsofa The Italian Touch

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir



www.valhusgogn.is

Rötu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar þetta verður þú að prófa!

Vandaður slökunarstóll Með lyftu sem lyftir þér uppúr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar.



Vandaður stóll

Afar vandaður og sérlega þægilegur stakur stóll frá Italsofa með snúningi.

Val húsgögn

Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

FLOTTUST !

G-STAR RAW

OPIÐ

FÖSTUDAG 11-18,30

LAUGARDAG 11-17



REYKJAVÍK STORE, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

operated by v8 ehf



g-star.com

© 2009 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

tíðin

* tekur púlsinn

SPENNANDI SÝNING Milljarðamærin, sem hrökkl-aðist úr bænum fyrir löngu með smán en auðgaðist síðan gríðarlega, lofar bæjarbúum háum fjárhæðum að uppfylltu skilyrði sem kallar á blóðuga fórn. Mögnuð sýning um ást, græðgi og hatur í Borgarleikhúsinu annað kvöld.

Tónlistarabólinn

Stórsveit & 14 Söngvarar

Tímalaus tónlist
í Óperunni
Aðalæfing kl. 17:00
Sýning kl. 21:00
27. feb 2009

Miðasala frá 23. febrúar í síma 551-4200 og á www.opera.is
Opíð frá 14:00-18:00
Frá 14:00 fram að sýningu á sýningardag

TÓNASTÖÐIN

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

alla virka daga kl. 16



BYLGJAN

989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



HALLGRÍMUR ÓLAFSSON


leikari

MAC-INN MINN sem ég keypi mér í Kanada þegar dollar-inn þar var í dásamlegu lágmarki, sennilega bestu kaup sem ég hef gert.



TOPP 10

SKÍÐIN MÍN ERU Í UPPÁHALDI



SEAGLE-GÍTARINN



PÍANÓIÐ MITT sem Andrés vinur minn nánast gaf mér á sínum tíma, það er eitthvað svo skemmtilega skrallandi falskt.



IPHONE-INN



SJÓNVARPIÐ



ULLARPEYSAN frá Farmers mark-et sem einhver stal af mér í vetur. Dásamleg peysa sem ég verð að fá aftur, svo þú sem tókst hana vinsamlega skilaðu henni!



FLUGHNÝTINGA-SETTIÐ sem ég fékk að gjöf frá dásamlegum frænkum mínum, ekkert jafnast á við að veiða fisk á flugu sem hnýtt er af manni sjálfum.



TANNBURSTINN



SAGE NO 4 FLUGUSTÖNGIN MÍN sem vinir mínir gáfu mér í útskriftargjöf. Hún hefur veitt mér ógleymanlega hamingju ótal sinnum.



Agnieszka Baranowska og Elísabet Brynhildardóttir:

Halda listasýningu hjá Sævari Karli

Myndirnar byggjast á sameiginlegum áhuga okkar á íslenskri náttúru, dramatík, sögum og ævintýrum,“ segir Agnieszka Baranowska um myndlistarsýningu sem hún og Elísabet Brynhildardóttir standa fyrir í Galleríi Sævars Karls.

Á sýningunni, sem verður opnuð 7. mars, gefur að líta 22 myndir sem Elísabet hefur gert út frá ljósmyndum Agnieszku. „Myndirnar segja heildstæða sögu manns og náttúru á sjónrænan hátt,“ segir Agnieszka.

-ag



Dramatískt Myndir Agnieszku og Elísabetar segja heildstæða sögu manns og náttúru.



Listakona Agnieszka opnar myndlistarsýningu 7. mars ásamt Elísabetu Brynhildardóttur.



Burberry | SportMax | Sportmax Code | Filippa K | Patrizia Pepe | GK Reykjavík | Rutzou | Lee | Wrangler

GK REYKJAVÍK

80% AFSLÁTTUR

**SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR
NÝJAR VÖRUR Í NÆSTU VIKU**

KONUR OG MENN

SMÁRALIND
Mán. – Fös. 11-19.
Lau. 11-18. Sun. 13-18.

LAUGAVEGUR
Mán. – Fös. 11-18.
Lau. 11-16.